

Samstarf heimila og skóla

Stuðningur foreldra í lestrarnámi skiptir miklu máli, að lesið sé fyrir börnin og heimalestri sinnt hefur mikil áhrif á hvernig börnum farnast í námi. Í öllum grunnskólum er gert ráð fyrir aðkomu foreldra að undirbúningi og þjálfun lestrarnáms í samræmi við reglugerð um ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra. Þótt börn lesi í skólanum er það ekki í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að þau fái nægilega þjálfun. Því er reglubundinn heimalestur afar mikilvægur.

Að efla lestrarfærni, ritun og lesskilning

- Reynið að skapa reglu og gott andrúmsloft í kringum heimalesturinn strax í upphafi skólans þannig að lesturinn geti orðið ánægjuleg samverustund.
- Skoðið bókina með barninu og beinið athygli þess að umgjörð bókarinnar, heiti hennar, myndum, sögupersónum o.fl. til að komast inn í efni sögunnar og vekja áhuga á því.
- Fá ið barnið til að segja frá efni sögunnar og ræðið efni textans og merkingu orða.
- Hjálpið barninu að fara til baka í lesefnið til að leita svara við spurningum.
- Til að fá fjölbreytni í lesturinn geta foreldrar og barn t.d. lesið til skiptis, saman í kór eða með tímatöku á endurteknum lestri.
- Notið hvert tækifæri til þess að leyfa barninu að skrifa, t.d. halda dagbók, skrifa sögur, skrifa innkaupalista o.fl.
- Hrósið barninu fyrir það sem gengur vel.
- Verið þolinmóð og jákvæð, látið barnið ekki heyra ef þið eruð áhyggjufull, talið við kennara ef illa gengur.



Ekki hætta að lesa fyrir börnin þó að þau kunni að lesa. Hver sagði að „kósíkvöld“ ættu að vera sjónvarpskvöld? - Prófið kósíkvöld með góðri bók – lesið upphátt, hlustið á börnin lesa eða hlustið saman á hljóðbók. Lesið t.d. framhaldssögu saman. Það má alveg poppa fyrir bóklestur eins og bíómyndir. Tengjið lestur bóka við notalegar fjölskyldustundir, gæðastundir þar sem þið getið spjallað saman, hlegið saman og styrkt böndin.

<http://lesvefurinn.hi.is/heimalestur>

<http://borgarbyggd.is/wp-content/uploads/2017/06/Lestrarstefna-Borgarbyggd%C3%B0ar-2017.pdf>

Lestrarstefna Borgarbyggðar

Grunnskólinn í Borgarnesi

8. bekkur



Kæru foreldrar/forráðamenn

Lestrarstefna Borgarbyggðar var unnin af stýrihópi úr leik- og grunnskólum Borgarbyggðar 2017.

Stefnuna má lesa í heild sinni inn á heimasíðu skólanna og sveitarfélagsins. <http://grunnborg.is/skolinn/lestrarstefna/> Í þessum bæklingi er stutt samantekt á því helsta er varðar lestur og lestrarnám barna í 8. bekk grunnskólans.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að kynna sér þennan bækling vel og vera í góðu sambandi við kennara um lestrarnám barna sinna.

Lesfimi

Markmið

- Að efla enn frekar lesfimi og lestrarþol
- Að efla lestraráhuga nemenda
- Að nemendur geti lesið sér til ánægju
- Að gera nemendur að sjálfstæðum lesendum
- Að nemendur líti á lestur sem hluta af daglegu lífi
- Að nemendur auki úthald og færni í ritun

Kennsla og þjálfun

- Daglegur heimalestur og skráning að lágmarki 15 mín á dag.
- Yndislestur
- Lestur og lesskilningur er þjálfður markvisst í öllum námsgreinum
- Lestrarsprettir heima og í skóla
- Fjölbreytt ritun heima og í skóla
- Unnið er með frásagnir og tjáningu (Sjá nánar bls. 19 – 22 í Lestrarstefnu Borgarbyggðar)

Matstæki

- Lesferill MMS
 - lesfimipróf, september, janúar og maí
- Stafsetning*, október

Viðmið að vori

- Leshraðaviðmið MMS
 - Lágmarks viðmið 130 orð á mínútu
 - Almenn viðmið 180 orð á mínútu
 - Metnaðarfull viðmið 210 orð á mínútu

Úrræði

- Einstaklingsáætlun í lestri og ritun
- Ráðgjöf frá sérkennara
- Ráðgjöf til foreldra frá skóla og skólajónustu
- Sérhæfð lestrartengd verkefni



*Stafsetningarpróf MMS eru í vinnslu.

Lesskilningur



Markmið

- Að nemendur fái áhuga á lestri.
- Að nemandi geti lesið sér til skilnings og ánægju
- Að nemendur auki orðaforða sinn
- Að nemendur geti nýtt lestur í námi og daglegu lífi

Kennsla og þjálfun

- Orðaforðakennsla
- Daglegur heimalestur og umræður um texta
- Foreldrar og kennarar ræða texta sem nemendur hafa lesið eða hlustað á.
- Hlustun og tjáning
- Markviss kennsla í lesskilningi m.a. gagnvirkur lestur.

Matstæki

- Orðarún, október og febrúar

Viðmið

- Nemendur með veikleika í lesskilningi fá sértæk úrræði og lesskilningsþjálfun í bekk

Úrræði

- Orðaforðavinna í bekk og heima
- Ráðgjöf frá sérkennara
- Aukinn lestur og hlustun
- Ráðgjöf eða þjálfun hjá talmeinafræðingi

Hvers vegna er mikilvægt að barn lesi heima á hverjum degi:

- Lestur þarf að æfa daglega til að byggja upp góðan leshraða og lestrarnákvæmni.
- Lesfimi þarf að viðhalda eins og hverri annarri færni.
- Daglegur lestur eykur orðaforða barna og eflir þar með lesskilning. (sjá mynd).

Nagy og Herman, 1987

